

Velferðamefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Þingskjal 141 — 84. mál.

Umsagnaraðili: Kristófer Már Maronsson, kt. 270993-3709, Hverafold 120, 112 Reykjavík.

I. Inngangur

Umsögn þessi lýtur að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof en umsagnaraðili er Kristófer Már Maronsson, hagfræðinemi og ungur faðir, sem hefur hagsmuni námsmanna og barna að leiðarljósi. Umsögnin felur meðal annars í sér afstöðu umsagnaraðila til bágrar stöðu námsmanna í lögnum, sem ekki er fyrirhugað að breyta.

II. Hækkun fæðingarstyrks námsmanna

Í 1. másl. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 95/2000 er kveðið á um fjárhæð fæðingarstyrks foreldra í fullu námi. Styrkurinn er föst fjárupphæð og er í dag 164.003 kr, fyrir börn fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur eftir 15. október 2016.

Ég vil fyrst og fremst sjá breytingar á upphæð fæðingarstyrks námsmanna. Ef nemandi stundaði ekki háskólanám má gera ráð fyrir að hann væri í fullri vinnu á atvinnumarkaði. [Samkvæmt samningi VR og SA eftir 6 mánuði í starfi \(900 stundir\)](#), eru lágmarkslaun fyrir fullt starf frá og með 1. maí 2017, 280.000 krónur og frá 1. maí 2018 verða lágmarkslaun 300.000 krónur. Þá er ekki horft til aukagreiðslna líkt og desemberuppbótar, sem teljast einnig þegar fæðingarorlof er reiknað. Því væri sá sem stundar fulla vinnu, í stað háskólanáms með að minnsta kosti 224.000 krónur á mánuði í fæðingarorlof (80% af 280.000 kr.) eftir 1. maí 2017 og 240.000 krónur í fæðingarorlof (80% af 300.000 kr) eftir 1. maí 2018. Það er því krafa mín að fæðingarstyrkur námsmanna verði 80% af lágmarkslaunum fyrir fulla vinnu samkvæmt samningi VR og SA á hverjum tíma auk þess að fæðingarstyrkur námsmanna taki breytingum í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs.

Það er ekki hvetjandi fyrir foreldri, að halda áfram í námi, ef hann fær lítið fæðingarorlof fyrir að eignast barn í námi og auðvelt er að færa rök fyrir því að foreldri hafi ekki kost á að halda áfram námi vegna fjárhagsvandamála komi barn til sögunnar. Því er brýnt að barn sé ekki íþyngjandi fjárhagsleg byrði fyrir námsmann, en hagkvæmara er fyrir samfélagið að námsmaður klári nám sitt og útskrifist heldur en að aðili á vinnumarkaði fái fæðingarorlof og láti af störfum á meðan hann gæti verið að skila einhverju til samfélagsins. Því er ekki rétt að refsa námsmönnum sem eignast barn með þeim hætti að greiða þeim lítið fæðingarorlof sem festir þá í fátæktargildru hafi þeir ekki gott bakland.

III. Námsmenn sem vinna með námi fái bæði fæðingarstyrk násmanna og fæðingarorlof

Stórfurðulegt er að þeir námsmenn sem vinna með námi þurfi að velja á milli fæðingarstyrks násmanna og fæðingarorlofs fyrir vinnu, jafnvel þó greitt sé tryggingargjald af þeirra vinnu. Ég krefst að þessu verði breytt, svo að námsmaður sem stenst námsframvindukröfur og vinnur einnig með námi fái fæðingarstyrk násmanna auk þeirra meðallauna sem hann vinnur sér inn á tólf mánaða tímabili sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns. Yfirleitt eru námsmenn ekki í hálauna vinna og ná að sinna fullu námi með, en margir þurfa á einhverri vinnu að halda til þess að framfleyta sér.

IV. Lífeyrissjóðsgreiðslur breytist í takt við almennar lífeyrissjóðsgreiðslur

Ég geri athugasemdir við það að fæðingarorlofssjóður greiði einungis að lágmarki 8% mótframlag í lífeyrissjóð, sbr. 1. mgr. 14. gr. l.n. 95/2000, þrátt fyrir að almennt séu greidd 8,5% af vinnuveitendum í dag. Þá muni það hækka í 10% 1. júlí 2017 og loks í 11,5% 1. júlí 2018. Ég legg til að ákvæði verði sett um að greiðslur frá fæðingarorlofssjóði í lífeyrissjóð orlofsþega muni fylgja þeim breytingum.

V. Hækkun hámarksgreiðslna frekar en lenging orlofs

Lög um fæðingarorlof sem sett voru um aldamót hafa svínvirkað og stjórnvöld færðust nær markmiði laganna sem eru að tryggja börnum umönnun beggja foreldra og gera báðum foreldrum kleift að sinna vinnu og fjölskyldu. Fyrst um sinn voru engar hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði, en árið 2005 var sett á þak. Þakið var 480.000 krónur sem á verðlagi

dagsins í dag eru 875.968 krónur. Það er töluvert hærrí fjárhæð en hálfu milljónin sem hámarkið er í dag. Skoðum þróunina í töflu frá 2001-2014.

Ár	Fædd börn	Umsóknir		Meðaldagafjöldi		Hámarksfjárhæð (á verðlagi dagsins í dag)
		mæðra	feðra	feðra	mæðra	
2001	4,091	4,054	82.4%	39	186	Ótakmarkað
2002	4,049	4,070	83.6%	68	187	Ótakmarkað
2003	4,143	4,167	86.6%	97	183	Ótakmarkað
2004	4,234	4,291	89.8%	96	182	Ótakmarkað
2005	4,280	4,302	88.2%	99	184	875,968 kr.
2006	4,415	4,417	88.6%	99	185	881,025 kr.
2007	4,560	4,555	88.5%	101	181	848,196 kr.
2008	4,835	4,809	90.0%	101	178	828,160 kr.
2009	5,025	4,965	86.0%	98	178	521,547 kr.
2010	4,907	4,823	84.0%	93	179	366,965 kr.
2011	4,492	4,412	81.0%	89	179	360,318 kr.
2012	4,533	4,416	81.0%	86	179	338,264 kr.
2013	4,326	4,197	80.0%	87	181	378,784 kr.
2014	4,375	4,238	80.0%	81	181	388,347 kr.

Heimild: Velferðarráðuneytið, Hagstofan, Fæðingarorlofssjóður.

Mikill uppgangur var í töku fæðingarorlofs hjá feðrum líkt og í íslensku samfélagi, allt til ársins 2009 en fram að þeim tíma hélst hámarksgreiðslan vel yfir 800.000 krónum og umsóknir feðra árið 2008 voru 90% af umsóknum mæðra og meðaldagafjöldi þeirra 101, samanborið við 178 hjá mæðrum. Gefum okkur þá forsendu að jafnrétti í þessum málum sé náð ef að meðaldagafjöldi mæðra og feðra sé sá sami. Árið 2008 erum við í okkar bestu stöðu, með einungis 77 daga á milli meðaldagafjölda mæðra og feðra og 90% feðra eru að taka fæðingarorlof.

Hvert er markmiðið?

Hér varð hið svokallaða hrun, eins og einhver orðaði það. Í kjölfarið voru hámarksgreiðslur fæðingarorlofs lækkaðar, fyrst árið 2009 niður í 521.457 krónur á verðlagi dagsins í dag, þaðan enn frekar, niður í 366.965 krónur árið eftir. Árið 2012 náðist botninn, 338.264 krónur. Í kjölfarið snarlækkar hlutfall feðra sem tekur fæðingarorlof, en það helst voðalega jafnt hjá mæðrunum –

þær eru alltaf í kringum sex mánuðina. Feðurnir eru ekki lengur að nýta allt sitt orlof og eingöngu 80% þeirra eru að taka fæðingarorlof. Það er áhyggjuefni.

Með öðrum orðum, þá virðast vera tengsl milli hámarksupphæðar greiðslna úr fæðingarorlofssjóði og töku fæðingarorlofs hjá feðrum. Miðað við þau gögn sem við höfum, þá getum við náð aftur á sama stað ef við hækkuum hámarksgreiðsluna. Það hefur ekki verið sýnt fram á að við færumst nær markmiðinu með því að lengja orlofið. Munu þessi 10% feðra sem hafa tapast frá árinu 2008 frekar taka 5 mánaða fæðingarorlof heldur en 3 mánaða fæðingarorlof? Ég er ekki svo viss um það. Munu þeir frekar taka fæðingarorlof ef tekjur þeirra skerðast ekki jafnmikið? Sagan bendir að minnsta kosti til þess.

Öll börn eiga rétt á báðum foreldrum – óháð efnahag. Ég er þeirrar skoðunar að af tvennu góðu, þá eigi fyrst að hækka hámarksgreiðslunnar, til þess að fleiri feður taki fæðingarorlof og vonandi að meðaldagafjöldinn verði enn jafnari, svo jafnrétti náist sem fyrst. Það þarf sennilega fleiri aðgerðir, en ekki er ég viss um að lenging fæðingarorlofs ein og sér skili því – þó hún hafi eflaust einhver áhrif í jákvæða átt.

Það er að mínu mati ekki hlutverk fæðingarorlofs að vera greiðslujöfnunartæki, hvorki fyrir foreldra né börn. Það á ekki að bitna á ungabarni að foreldrar þess séu tekjuháir og geti því ekki tekið fæðingarorlof, því háum tekjum fylgja oft háar skuldbindingar. Fæðingarorlof á að tryggja börnum umönnun beggja foreldra og gera báðum foreldrum kleift að sinna vinnu og fjölskyldu.

VI. Niðurlag

Ég fagna því að bæta eigi stöðu foreldra við barnsburð og tel ég breytingarnar tímabærar. Ég er hlynntur lengingu fæðingarorlofs en tel það þó ekki vera brýnasta atriðið í þessum málum. Ég legg til að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem finna má í umsögn þessari. Ég styð áframhaldandi vinnu við frumvarpið og vona að tillit verði tekið til stöðu nýbakaðra foreldra í námi. Ég er tilbúinn að koma fyrir Velferðarnefnd og svara spurningum varðandi umsögn mína, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Kristófer Már Maronsson, hagfræðinemi og ungur faðir